

Reglur um styrkjaúthlutun menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs

1. Faghópur geri tillögur til menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs um úthlutunir og samstarfssamninga.
2. Hlutfall hins almenna styrkjarpotts sem fer í nýja samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára verði hverju sinni aldrei hærra en 1/3 af heildarpottinum, sem einnig tekur til borgarhátíða. Næstu tvö árin þarf einnig að taka tillit til fjármagns sem eyrnamerkt verður úrbótasjóði tónleikastaða. Mikilvægt er að sjóðurinn hafi ávallt svigrúm til að bregðast við nýjum hugmyndum og umsóknum um einstök verkefni.
3. Sérstök áhersla verði á fjárfestingar vegna endurbóta á tónleikahúsnæði og öðru menningarhúsnæði til almenningsnota árin 2020 og 2021 í gegnum tímabundinn úrbótasjóð. Alls verði 8 mkr. í menningarpotti eyrnamerkta nefndum úrbótasjóði árið 2020 og sama upphæð eyrnamerkt verkefninu árið 2021. Um átaksverkefni er að ræða til að styðja við tilvist minni og miðlungs stórra tónleikastaða í borginni sem eiga undir högg að sækja með því að veita styrki til úrbóta á tónleikastöðunum, svo sem aðstöðu, aðbúnað og aðgengi. Þannig megi stuðla að áframhaldandi aðstöðu fyrir lifandi tónlistarflutning í borginni, og styðja þar með um leið við tónlistarlífið ásamt því að efla mannlífið í borginni. STEF, Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Félag hljómplötuframleiðenda (FHF) lögðu til mótframlag í sjóðinn að upphæð kr. 500 þúsund með möguleika á samskonar framlagi árið 2021. Auglýst er sérstaklega eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum og er tónleikastöðum gert að leggja til sambærilega upphæð í úrbæturnar. Sérstakur faghópur gerir tillögur að úthlutunum úr sjóðnum, með einni tilnefningu frá STEF, einni tilnefningu frá FÍH og einni tilnefningu frá FHF en auk þess situr í sjóðnum verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur. Faghópurinn leggur fram rökstuddar tillögur um úthlutun úr sjóðnum fyrir menningar-, íþróttá- og tómsundaráð sem endanlega ákveður úthlutunir. Skilyrði til að fá úthlutun úr sjóðnum eru að tónleikastaðurinn leggi fram áætlun um rekstur staðarins að minnsta kosti tvö ár fram í tímann, skýri frá stefnu og áherslum um tónleikahald, geti sýnt fram á góða stjórnarhætti og trúverðugleika eigenda og/eða stjórnenda og sé með samning við STEF vegna opinbers flutnings á tónlist. Kostnaðaráætlun fylgi með umsókn, yfir fyrirhugaðar úrbætur ásamt upplýsingum um hvernig staðurinn hyggst fjármagna sinn hluta kostnaðarins.

Samþykkt í menningar-, íþróttá- og tómsundaráði 27. maí 2019